



## Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjórar sveitarfélaga

Dags.: 26. maí 2020

Sendandi: Lögfræði- og velferðarsvið

Málsnr.: 2005037SA

Málalykill: 00.64

### Efni: Minnisblað vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts

Alþingi hefur á undanförunum vikum fjallað um tvo aðgerðapakka til að bregðast við afleiðingum COVID-19 heimsfaraldursins. Í aðgerðapakka 1 var samþykkt tímabundin endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu sem innt er af hendi á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði í eigu sveitarfélaga. Í aðgerðapakka 2 hefur þessi heimild verið útvíkkuð og nær nú einnig til annars húsnæðis í eigu sveitarfélaga.

Það þýðir að sveitarfélög geta fengið endurgreiddan virðisaukaskatt vegna ákveðinnar vinnu sem innt er af hendi innan tímabilsins 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020. Mikilvægt er að reikningar séu gefnir út í samræmi við lög og reglugerðir og þurfa því sveitarfélög að passa upp á að reikningar séu gefnir út jafnóðum eða a.m.k. við lok hvers mánaðar.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til sveitarfélaga nær til eftirfarandi vinnu:

1. Byggjendur íbúðar- og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað,
2. Eigendur íbúðar- og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við endurbætur eða viðhald þess,
3. Byggjendur íbúðar- og frístundahúsnæðis hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess,
4. Eigendur íbúðar- og frístundahúsnæðis hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess,
5. Eigendur eða leigjendur, þar á meðal húsfélög, hafa greitt af vinnu manna vegna heimilisaðstoðar eða reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis,
6. Sveitarfélög eða stofnanir og félög sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, endurbætur eða viðhald á öðru húsnæði sem alfarið er í eigu þeirra, enda sé húsnæðið skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Vakin er athygli á því að með „öðru húsnæði“ er átt við húsnæði í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, annað en íbúðar- og frístundahúsnæði. Geta því sveitarfélög sótt um endurgreiðslu vegna íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis og allra annarra tegunda húsnæðis.

Það sem sveitarfélög þurfa að vera vakandi fyrir er meðal annars:

- Að tekið sé tillit til þess við gerð kostnaðaráætlana og við samningagerð að byggjendur fá endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað sem og af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess.
- Að verktakar setji upp reikninga á þann hátt að sérstaklega er sundurliðuð sú vinna er sveitarfélög geta sótt um endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

Fjármálaráðuneytið [vinnur að gerð reglugerðar](#) um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna og þegar hún hefur verið samþykkt ættu skilyrðin ásamt umsóknarferli að liggja skýrar fyrir. Umsagnarfrestur er til 5. júní 2020.

Skatturinn er einnig með [nánari upplýsingar](#) á vefsvæði sínu en vakin er athygli á því að sú síða hefur ekki verið uppfærð eftir að aðgerðarpakki 2 var samþykktur á Alþingi en þar var samþykkt endurgreiðsla virðisaukaskatts á öllu húsnæði í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga í eigu sveitarfélaga, til viðbótar við íbúðar- og frístundahúsnæði.

Sambandið vill einnig vekja athygli á [yfirliti yfir stöðu aðgerða í aðgerðapökkum 1 og 2 vegna COVID-19 sem varða sveitarfélögin](#) en þar má einnig nálgast leiðbeiningar og nánari upplýsingar um aðgerðirnar, þar á meðal um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

BG